

Ár 2013, laugardaginn 29. júní, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Svanhildi Kaaber, Jónasi Þór Guðmundssyni og Kolbeini H. Stefánssyni.

Fyrir var tekið:

### Að ákveða laun og starfskjör forstjóra Landsnets hf.

#### I.

Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 87/2009, skal kjararáð ákveða laun og starfskjör framkvæmdastjóra hlutfélaga og annars konar félaga, einkaréttareðlis, sem eru að meiri hluta í eigu ríkisins og félaga sem eru að meiri hluta í eigu þeirra. Af þessu leiðir að ákvörðun um laun forstjóra Landsnets hf. heyrir undir kjararáð.

#### II.

Með bréfi dagsettu 17. febrúar 2012 óskaði stjórn Landsnets eftir endurskoðun launa forstjóra Landsnets hf. Í bréfinu segir að sökum eðlis og starfsemi fyrirtækisins ætti að ráða forstjóranum í launaflokk 140 eða 141 og ákveða einingar eigi færri en 80 fyrir alla yfirvinnu og álag sem starfinu fylgi. Einnig kemur fram að lagabreytingar sem gerðar hafi verið á raforkulögum styrki framangreinda skoðun stjórnarinnar og kalli sjálfstætt eftir endurskoðun á úrskurði ráðsins.

Í bréfinu segir að af úrskurði kjararáðs um laun forstjórans megi ráða að meginþungi sé lagður á það atriði að Landsnet hf. sé dótturfélag Landsvirkjunar fremur en að fyrirtækið sé metið útfrá þeim grundvallarbreytingum sem urðu á fyrirkomulagi flutnings raforku í landinu þegar raforkulög nr. 65/2003 tóku gildi. Landsvirkjun hafi enga aðkomu að stjórn Landsnets hf., þrátt fyrir að formlega sé um dótturfélag Landsvirkjunar að ræða. Skýrist það af því að með gildistöku raforkulaga 1. júlí 2003 hafi verið skilið á milli raforkuvinnslu og flutnings raforku. Áður hefðu orkufyrirtæki átt einstaka flutningsmannvirki en langstærsti eigandi þeirra og aðal flutningsaðili raforku á landsvísu hafi verið Landsvirkjun. Við gildistöku raforkulaga hafi sú grundvallarbreyting verið gerð að framleiðsla á raforku sé nú háð samkeppni og flutningsfyrirtækið geti ekki verið háð einum samkeppnisaðila fremur en öðrum. Flutningsfyrirtækið sé með einkaleyfi á sínum rekstri og rekstur þess skuli alfarið vera óháður rekstri framleiðslufyrirtækjanna. Við stofnun Landsnets hf. hefði verið nauðsynlegt að yfirfæra þær umfangsmiklu eignir sem Landsvirkjun, RARIK ohf., Orkuveita Reykjavíkur og Orkubú Vestfjarða ohf. áttu í flutningskerfinu yfir í Landsnet hf. gegn hlutfé í fyrirtækinu, sbr. og 10. gr. raforkulaga um framsal flutningsmannvirkja gegn hlutfé í Landsneti hf. Vegna framangreindra ákvæða varð Landsnet hf. dótturfyrirtæki Landsvirkjunar, en eignarhlutur Landsvirkjunar nemi 65%. Í bréfinu er einnig vakin athygli á 8. gr. raforkulaga og 2. gr. laga nr. 75/2004 um stofnun Landsnets hf. þar sem segir að stjórn Landsnets hf. skuli vera sjálfstæð gagnvart öðrum fyrirtækjum sem stundi vinnslu, dreifingu eða sölu raforku eftir því sem nánar sé ákveðið í samþykktum þess. Því sé ljóst að Landsnet hf. starfi sem sjálfstætt fyrirtæki óháð eigendum sínum.

Í bréfi stjórnar Landsnets hf. kemur fram að eftir setningu raforkulaga sé Landsvirkjun eitt af þeim fyrirtækjum sem stundi vinnslu á raforku en Landsnet hf. sé sjálfstætt fyrirtæki sem beri að stýra rekstri flutningskerfisins og annast kerfisstjórnun, samkvæmt lögbundnu einkaleyfi, óháð orkuframleiðendum, þar með talið Landsvirkjun og hafi sömu stöðu gagnvart Landsvirkjun að lögum og öðrum orkuvinnslufyrirtækjum, stórum sem smáum. Landsnet hf. beri þá megin skyldu að tengja alla þá sem eftir því sækjast við flutningskerfið, enda uppfylli þeir tæknileg skilyrði fyrir því og greiði tengigjald samkvæmt ákvæðum í gjaldskrá. Þá hafi Landsnet hf. hlutverki að gegna samkvæmt lögum nr. 30/2008 um upprunaábyrgð á raforku sem framleidd sé með endurnýjanlegum orkugjöfum o.fl. Í bréfinu segir einnig að Landsnet hf. beri mikla ábyrgð bæði gagnvart framleiðendum raforku og notendum hennar bæði smáum og stórum og sé starfsemi fyrirtækisins þannig mikilvægur hluti af innra stoðkerfi þjóðfélagsins, líkt og vegagerð, flug- og skipasamgöngur og fjarskipti. Þannig starfi fyrirtækið í almannabágu. Rík þörf sé á því að Landsnet hf. geti ávallt laðað til sín hæft háteknimenntað fólk og eigi þar í samkeppni við einkageirann. Hjá fyrirtækinu starfi 109 starfsmenn og nái starfsemi þess til landsins alls. Tengivirki Landsnets hf. séu á öllum þéttbýlisstöðum og fyrirtækið beri ábyrgð á því að innviðir samfélagsins séu ávallt tryggðir með öruggri afhendingu

raforku. Ársvelta Landsnets hf. sé um 13 milljarðar króna og eignir þess nemi um 73 milljörðum króna. Þá séu árlegar fjárfestingar fyrirtækisins á bilinu tveir til tíu milljarðar króna.

Í bréfinu kemur fram að forstjóri Landsnets hf. hafi sérstakar starfsskyldur sem formaður neyðarstjórnar fyrirtækisins og það sé þar að auki samhæfingaraðili neyðarsamstarfs raforkukerfisins og samræmi aðgerðir gagnvart almannavörnum.

Með vísan til framangreinds telur stjórnin eðlilegt að við ákvörðun um laun forstjórans sé miðað við launaflokka 140 eða 141 og fleiri einingar en nú er. Bent er á að forstjóri ISAVIA ohf. fái greidd laun samkvæmt launaflokki 140 ásamt vegamálastjóra og ríkisskattstjóra, en í öllum tilvikum sé um að ræða miðlæga þjónustu í almannabágu. Önnur niðurstaða sendi röng skilaboð um mikilvægi og lagalega stöðu og skyldur fyrirtækisins gagnvart öllum aðilum innan raforkugeirans.

Að endingu greinir stjórnin frá breytingum á raforkulögum sem feli í sér að flutningsfyrirtæki skuli vera í beinni eigu íslenska ríkisins og/eða sveitarfélaga, sbr. lög nr. 19/2011. Eins og fram hafi komið var áður gert ráð fyrir því að þau fyrirtæki sem áttu flutningsmannvirki fyrir setningu raforkulaga nr. 65/2003 ættu eignarhlut í Landsneti hf. til samræmis við verðmæti þeirra mannvirkja sem lögð voru inn í fyrirtækið sem hlutafé, án þess þó að hafa þar nein stjórnunarleg yferráð líkt og venja sé í hlutafélögum. Þessar breytingar á eignarhaldi Landsnets hf. séu tengdar innleiðingu á tilskipun Evrópubandalagsins, en samkvæmt henni skuli framleiðslufyrirtækjum óheimilt að eiga hlut í flutningsfyrirtækjum á evrópska efnahagssvæðinu.

Með bréfum dagsettu 27. febrúar 2012 var fjármálaráðuneytinu gefinn kostur á að leggja fram greinargerð vegna erindisins, sbr. 6. gr. laga um kjararáð. Jafnframt var forstjóra Landsnets hf. gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Í svarbréfi forstjórans sem móttækið var hjá kjararáði 13. mars 2012 er tekið undir þau sjónarmið sem fram koma í bréfi stjórnarinnar til kjararáðs.

Í svari fjármálaráðuneytisins dagsettu 16. mars 2012 segir að fjármálaráðuneytinu sé ekki kunnugt um á hvern hátt starfsemi Landsnets hf. hafi breyst eða aukist frá því að kjararáð úrskurðaði síðast um launakjör forstjórans þann 26. apríl 2010, að öðru leyti en fram komi í bréfi formanns stjórnar Landsnets hf. Telur fjármálaráðuneytið eðlilegt að kjararáð horfi til þessa auk annarra viðmiðana við athugun á því hvort endurskoða skuli launakjör forstjórans.

Með bréfi dagsettu 26. mars 2012 fékk forstjóri Landsnets hf. sent bréf fjármálaráðuneytisins til kynningar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við efni þess.

Í bréfi lögmanns forstjórans dagsettu 16. apríl 2012 eru fyrri sjónarmið ítrekuð. Ekki verði séð að ráðuneytið mótmæli því að lagabreytingar sem gerðar hafi verið á raforkulögum kalli á endurskoðun launakjara forstjóra.

Formaður stjórnar Landsnets hf. kom á fund með kjararáði 4. desember 2012 og fylgdi eftir erindi stjórnarinnar.

### III.

Landsnet hf. var stofnað með lögum nr. 75/2004 sem tóku gildi 7. júní sama ár og tók til starfa í ársbyrjun 2005. Félagið skal annast raforkuflutning og kerfisstjórnun í samræmi við ákvæði III. kafla raforkulaga nr. 65/2003. Samkvæmt þeim lögum skyldi meðal annars skapa forsendur fyrir samkeppni í vinnslu og viðskiptum með raforku. Með lögnum var skilið á milli náttúrulegra einkasölubátta raforkukerfisins (flutnings og dreifingar) og þeirra þátta þar sem samkeppni yrði við komið (vinnslu og sölu). Flutningur og dreifing er sem fyrr háð einkaleyfi en samkeppni hefur verið innleidd í raforkuvinnslu og sölu. Í 8. gr. raforkulaga segir að eitt fyrirtæki skuli annast flutning raforku og kerfisstjórnun. Fyrirtækið skal vera í meirihlutaeigu ríkis, sveitarfélaga og/eða fyrirtækja sem alfarið eru í eigu þessara aðila. Flutningsfyrirtækið má ekki stunda aðra starfsemi en þá sem því er nauðsynleg til þess að geta rækt skyldur sínar samkvæmt lögnum eða samkvæmt öðrum lögum. Því er þó heimilt að reka raforkumarkað, enda haldi fyrirtækið reikningum vegna hans aðskildum frá

reikningum vegna annarrar starfsemi í bókhaldi. Stjórn Landsnets hf. skal vera sjálfstæð gagnvart öðrum fyrirtækjum sem stunda vinnslu, dreifingu eða sölu raforku. Eigendur Landsnets hf. eru Landsvirkjun sem á tæp 65%, RARIK 22,5%, Orkuveita Reykjavíkur tæp 7% og Orkubú Vestfjarða 6%.

#### IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar.

Með lögum nr. 87/2009 var kjararáði falið að ákveða laun og starfskjör framkvæmdastjóra hlutafélaga og annars konar félaga, einkaréttareðlis, sem eru að meiri hluta í eigu ríkisins og félaga sem eru að meiri hluta í eigu þeirra. Að auki var einstökum lögum sem varða allmargar stofnanir og opinber hlutafélög breytt til þess að fela kjararáði að ákveða laun og önnur starfskjör framkvæmdastjóra þeirra, þar á meðal forstjóra Landsnets hf. Jafnframt var svo kveðið á í lögum, að kjararáð skyldi við ákvörðun sína gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, yrðu ekki hærri en föst laun forsætisráðherra, eins og kjararáð hefði ákveðið þau.

Hinn 23. febrúar 2010 úrskurðaði kjararáð um almennar forsendur ákvarðana um laun og önnur starfskjör þeirra sem með ofangreindum hætti bættust í þann hóp sem undir kjararáð heyrir. Þar sagði meðal annars að til þess að ná markmiði laga nr. 87/2009 um að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, yrðu ekki hærri en föst laun forsætisráðherra og til þess að komast hjá því að laun lækkuðu óhóflega, væri óhjákvæmilegt við ákvörðun launa þeirra sem úrskurðurinn næði til að víkja frá því markmiði kjararáðs að draga úr vægi eininga eins og áður hefði verið stefnt að. Tímabundið ósamræmi myndi því hljóta á milli sumra þeirra sem hefðu heyrt undir kjararáð og þeirra sem við bættust.

Kjararáð ákvað forstjóra Landsnets hf. laun þann 26. apríl 2010. Við ákvörðun mánaðarlegra eininga var gætt meðalhófssjónarmiða til þess að komast hjá því að laun hans lækkuðu óhóflega. Í ákvörðuninni kom einnig fram að hún gilti fyrir þann sem þá gegndi starfinu. Jafnframt sagði að búast mætti við endurskoðun einingafjölda allra þeirra sem undir kjararáð heyra eftir 1. desember 2010.

Með ákvörðun sinni nr. 2011.002 frá 21. desember 2011 breytti ráðið launum þeirra sem undir það heyra, annarra en þeirra sem færðust undir ákvörðunarvald þess með áðurnefndum lögum nr. 87/2009. Með ákvörðuninni var launum breytt þannig að þau færu sem næst því að verða eins og þau voru fyrir launalækkun þá sem grundvallaðist á lögum nr. 148/2008. Þetta var gert þannig að í flestum tilvikum fjölgaði mánaðarlegum einingum og einingaverð hækkaði. Eining er nú 1% af launaflokki 502-132 í stað 502-126 áður hjá þessum hópi. Þannig dró úr því innbyrðis ósamræmi sem hlaust milli þeirra sem heyrdi undir kjararáð fyrir gildistöku laga nr. 87/2009 og þeirra sem við bættust samkvæmt lögum.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að einingaverð hækki hjá framkvæmdastjóra Landsnets hf. og verði hið sama og hjá öðrum sem undir kjararáð heyra. Að teknu tilliti til hlutverks, stærðar og ábyrgðar fyrirtækisins telur kjararáð tilefni til að hækka heildarlaun forstjórans.

Að öðru leyti en hér kemur fram vísast til úrskurðar kjararáðs um almennar forsendur nr. 2010.4.001, sem gilda um laun og starfskjör forstjóra Landsnets hf.

Laun og starfskjör forstjóra Landsnets hf. skulu því vera sem segir í ákvörðunarorði.

V.

**Ákvörðunarorð**

Frá og með 1. mars 2012 skulu mánaðarlaun forstjóra Landsnets hf. vera samkvæmt launaflokki 502-138, nú 845.205 krónur. Að auki skal greiða honum 50 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu og álag er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 502-132, nú 6.918 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Hafi forstjóri Landsnets hf. haldið bifreiðahlunnindum og kjósi að gera það áfram skal draga verðmæti þeirra samkvæmt mati ríkisskattstjóra frá heildarlaunum sem hér eru ákveðin.

Sé kostnaður við fastlínusíma á heimili forstjóra greiddur af launagreiðanda skal sú greiðsla dragast frá heildarlaunum sem hér eru ákveðin.

Laun eru miðuð við fullt starf þannig að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör forstjórans gilda reglur kjararáðs frá 9. júní 2013.

---

Svanhildur Kaaber

---

Jónas Þór Guðmundsson

---

Kolbeinn H. Stefánsson